

PENGUARD TOPCOAT

Penguard Topcoat er tvíþátta epoxýlakk, með mikinn slitstyrk, vatns- og efnapól.

Litir: Samkvæmt litakorti **purrefni (% af rúmmáli):** 50 ± 2 **Blossamark:** 25°C
Áferð: Gljáandi **Gljáhældni:** Viðunandi
Sveigjuþol: Gott **Vatnsþol:** Mjög gott
Slitþol: Mjög gott **Leysiefnaþol:** Frábært



Einkum sem lokaumferð í epoxýmálningar-kerfi, hentar vel á flest byggingarefni svo sem járn, stein og tré, sérstaklega þar sem mikið mæðir á.

Efnapól Frábært

Efnisnotkun:

Filmuþykkt í umferð - mikron

	Þurr	Blaut
Möguleg:	40 - 60	80 - 120
Dæmigerð:	50	100

Reiknuð þekja - m²/l

Möguleg: 12,5 - 8,3

Dæmigerð: 10,0

Flöturinn skal vera hreinn og þurr. Fitu og önnur óheindir skal fjarlægja með hreinsiefnum og háþrýstíþvotti.

Áhöld: Háþrýstisprauta, pensill eða rúlla fyrir minni verk.

Blöndun herðis (rúmmál): 4 hl. A (stofn) á móti 1 hl. B (herðir), blandist 1/2 klst fyrir notkun.

Þynnir / Hreinsun áhald: Epoxýþynnir, (Jotun þynnir Nr. 17)

Notatími (við 23°C): 8 klst. (styttist við hærra hitastig).

Háþrýstisprauta, leiðbeiningar :

Þrýstingur við spíss: 15 MPa (150 Bar, 2100 psi.)

Spíss: 0,018" -- 0,023" (0,46 -- 0,58 mm)

Sprautugeisli: 40 -- 80°

Sigti: Athugið að sigti séu hrein.

Flöturinn sem mála á, skal vera minnst 10°C og lágmark 3°C yfir daggarmörkum loftsins. Daggarmörk skal meta við undirlagið. Ef málað er í þröngu loftlitlu rými er góð loftræsting nauðsynleg. Þegar steinsteypa er meðhöndluð skal hún ekki innihalda raka yfir 4 % af massa. Hlífa skal Penguard Topcoat þar til filman er fullhörðnuð.

Þurrktími er almennt háður hreyfingu loftsins, hitastigi, filmuþykkt og fjölda málningarumferða. Tölurnar í töflunni miðast við:

- Góða loftræstingu (utanhúss eða eðlilega lofthreyfingu).
- Ráðlagða filmuþykkt.
- Eina umferð á óvirkt undirlag.



Hitastig undirlags	10 °C	23 °C	35 °C
Snertíþurr	2,5 klst	1,5 klst.	0,5 klst.
Gegnumþurr	14 klst.	6,5 klst	4 klst.
Fullharðnað	14 dagar	7 dagar	3 dagar

Yfirmálunartími

Lágmark	14 klst.	7 klst.	3 klst
Hámark¹	-----	-----	-----

¹ Fyrir máln skal flöturinn vera laus við duftsmitun og óhreinindi. Besta viðloðun milli umferða næst þegar seinni umferðin er máluð, áður en sú fyrri er fullhörðnuð. Verði tíminn lengri getur þurft að matta flötinn.

Líta verður á tölurnar í töflunni hér að ofan sem leiðbeinandi. Raunverulegur yfirmálunartími getur verið lengri eða skemmri, háður málningunni sem fyrir er, filmuþykkt, málningarkerfinu sem var valið, fjölda umferða, loftræstingu, hitastigi, kröfum um meðhöndlun hlutanna, styrk filmunnar á fyrstu stigum o.fl.